

## 11. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal eigandi dýrsins sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað eða meiriháttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um hundahald og kattahald gilda getur sveitarstjórn afturkallað leyfið. Skal leyfishafi þá afhenda dýrið dýraeftirlitsmanni eða lögreglu til ráðstöfunar. Einnig getur sveitarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds og kattahalds telji hún þess brýna þörf.

Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

## 12. gr.

Sinni leyfishafi samkvæmt samþykktum þessum ekki skriflegri áminningu eða brjóti endurtekið af sér er heilbrigðisnefnd heimilt að beita hann dagsektum þar til úr er bætt eða beita þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað er til fellur vegna brota hans á samþykkt þessari.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 13. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar í stað. Um leið falla úr gildi eldri samþykktir um hundahald í Stöðvarheppi og samþykkt nr. 541/1999 um hunda- og kattahald í Búðahreppi.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. mars 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

*Breiðamýri og norðanvert Sviðholt.*

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 16. mars 2004 breytingu á deiliskipulagi við Breiðumýri og á norðanverðu Sviðholti í Bessastaðahreppi.

Breytingin nær til götunnar Asparholts. Í skipulagstillögunni er íbúðum í rað- og fjölbýlishúsum fjölgað frá gildandi deiliskipulagi. Einnig breytast byggingarreitir og húsform. Fjölbýlishús verða fullra þriggja hæða og raðhús fullra tveggja hæða.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Bessastaðahreppi, 20. mars 2004.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.